

10. nóvember 2011

Alþingi
Erindi nr. P 140/69
komudagur 10.11.2011

LANDSSAMBAND
smábátæigenda



Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um tekjuskatt
(skilyrði sjómannaafsláttar), 62. mál

Í frumvarpinu er lagt til að sjómannaafsláttur skuli áfram vera við líði. Landssamband smábátæigenda er því sammála og tekur heilshugar undir að sjómenn njóti áfram sjómannaafsláttar.

Upplýsingar sem dregnar eru fram í athugasemdum frumvarpsins um sjómannaafslátt annarra þjóða eru sérlega athyglisverðar og sýna glögg að Íslendingar eru ekkert eyland í því að virða sjómannsstarfið. Gildandi lög leiða þjóðina til einangrunar er varðar beina viðurkenningu á starfi sjómannsins. Með frumvarpinu er snúið af þeirri braut og því fagnar LS.

Að lokum vill LS benda á eftirfarandi:

- Sjómenn njóta ekki fulls aðgengis að opinberri þjónustu.
- Á sjó er hærrí slysatíðni en í öðrum starfsgreinum. Nauðsyn trygginga er því meiri en annarra starfsstétta, tryggingar víðtækari og iðgjöld hærrí.
- Sjómenn eiga erfiðara en aðrar starfsstéttir með að aðlaga sig að öðrum störfum.
- Útflutningsverðmæti sjávarafurða 2010 var 220,5 milljarðar sem er 39,3% af heild það árið.

Virðingarfyllst,

Örn Pálsson framkvæmdastjóri

